Nd. **1233. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

19. gr. laganna, sem verður 18. gr., orðist þannig:

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. l. nr. 104 frá 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, með áorðnum breytingum, og þá fræðslu, sem þarf til þess að setjast í II. bekk í fiskimannadeild stýrimannaskólans í Reykjavík, *skal* atvinnumálaráðuneytið fela skólastjóra stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Í reglugerð verður ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til prófs, sem réttindi veitir til II. bekkjar stýrimannaskólans, skulu send frá stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

2. Við 11. gr.

a. Í stað orðanna „Á eftir 18. gr. laganna (áður 20. gr.)“ í upphafi greinarinnar komi: Í stað 20. gr. laganna, sem verður 19. gr.

b. b-liður greinarinnar falli burt.